

**Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 30. desember 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-74/2016:

**I**

**Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 1. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á farsíma, sem hún keypti af af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Ráða má af álitsbeiðni að krafist sé nýrrar afhendingar.

**II**

**Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 14. september sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 30. september. Með bréfi, dags. 17. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 25. október. Með bréfi, dags. 16. nóvember, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 30. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. desember, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

**III**

**Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að í desember 2015 keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung J5 af seljanda fyrir kr. 44.000. Segir álitsbeiðandi að síminn sé enn í ábyrg. Í febrúar eða mars 2015 bilaði síminn og fór í viðgerð. Í júní s.á. bilaði síminn aftur og fór tækið aftur í viðgerð hjá seljanda hinn 26. júní. Segir álitsbeiðandi að í kjölfar seinni viðgerðarinnar hafi hún fengið þær upplýsingar að síminn væri sveigður og að ekki væri hægt að gera við tækið. Segist álitsbeiðandi ekki skilja hvernig það hafi átt að hafa gerst, enda síminn alltaf í hulstri og lítið notaður. Segir álitsbeiðandi að sér hafi verið sagt að sennilega hefði verið sest á símann. Það telur álitsbeiðandi af og frá. Eins bendir álitsbeiðandi á að erfitt sé að sjá sveigjuna á símanum. Telur álitsbeiðandi að síminn hljóti að hafa verið haldinn galla og segist hún ekki setta sig við annað en að fá nýjan samskonar síma frá seljanda, en ekki ódýrari sýningarsíma gegn greiðslu kr. 15.000 líkt og seljandi hafi boðið

**IV**

**Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi hafi látið gera við umræddan síma í mars 2016. Bilanalýsing sé svohljóðandi: „Sími er í smart cover veski svo það slokknar á skjánum þegar veski er lokað. Þegar það er slökkt á skjá á síma og veski lokað hringir sími í númer í símaskrá.“ Síminn hafi síðan verið sendur á verkstæði og í verklýsingu þess segi m.a.: „Bilun staðfest. Gallaður snertiskjár. Dauð svæði á snertiskjá. Skipt um skjá. Sími yfirfarinn og prófaður í lagi. Hugbúnaður símans uppfærður.“ Hinn 29. júní sl. hafi álitsbeiðandi komið með símann aftur til viðgerða hjá seljanda. Þá hafi skjár símans ekki virkað og var tækið sent beint á verkstæði. Í verklýsingu verkstæðis segi m.a.: „Síminn er beyglaður og því miður ekki hægt að gera við það. Sendur til baka með skoðunargjaldi.“ Segir seljandi að félagið hafi síðan tekið á sig kostnað vegna skoðunarinnar. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi ekki verið sátt við niðurstöðuna og hafi síminn því verið sendur á annað viðurkennt verkstæði til að fá annað álit á ástandi hans. Í verklýsingu síðara verkstæðisins segir: „Sést ekkert á skjá, skjár

lyftist upp efst á tæki. Tæki bogið á báðum hliðum sem veldur því að skjár lostnar frá efst. Símtæki óviðgerðarhæft, ekki hægt að gera við tæki vegna beyglu.“ Meðfylgjandi andsvörum eru tvær ljósmyndir og á annarri þeirra má sjá að síminn er sveigður.

## V

### Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur m.a. fram að álitsbeiðandi hafi keypt símann í jólagjöf. Rekur álitsbeiðandi að hún hafi lengið verið í viðskiptum við seljanda og sé misboðið vegna viðmóts seljanda í málinu. Telur álitsbeiðandi á tæru að síminn hafi ekki bagnað í meðförum eiganda símans og veltir því upp hvort að eitthvað hafi komið fyrir símann á verkstæðum seljanda.

## VI

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi farsíma af gerðinni Samsung J5 af seljanda í desember 2015 fyrir kr. 44.000. Gaf álitsbeiðandi eiginmanni sínum símann sem jólagjöf. Í mars 2016 bilaði skjár símans og var skipt um hann í kjölfarið, álitsbeiðanda að kolstaðarlausu. Svo sem rakið er að framan bilaði síminn aftur í júní 2016 og fór álitsbeiðandi með tækið til viðgerðar til seljanda hinn 29. júní. Má ætla að það hafi verið rétt rúmum 6 mánuðum eftir upphafleg kaup. Sendi seljandi símann á tvenn verkstæði og var niðurstaða beggja verkstæðanna sú að síminn hefði bagnað og væri óviðgerðarhæfur. Telur álitsbeiðandi að um galla sé að ræða á símanum og/eða að síminn hafi bagnað í meðförum verkstæðis á vegum seljanda. Seljandi virðist á þeirri skoðun að ástand símans verði rakið til meðferðar eiganda tækisins á því.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.“ Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Ekki er um það deilt að sími sá er álitsbeiðandi keypti fyrir jólin 2015 er bilaður. Hlutlægt séð er síminn því haldinn galla í skilningi 16. gr. laganna, sbr. 15. gr. sömu laga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna er að finna reglu um sönnun á galla. Þar segir m.a.: „Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda.“ Samkvæmt framangreindu lagaákvæði hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að síminn sé haldinn galla á seljanda fyrstu 6 mánuðina eftir að kaup fara fram. Að þeim tíma liðnum færist sönnunarbyrðin yfir á neytanda, í þessu tilviki álitsbeiðanda. Umrædd bilun kom fram rétt rúmum 6 mánuðum eftir kaupin og ekki fæst séð að bein tengsl séu á milli þeirrar bilunar og fyrri bilunar á símanum, frá því í mars 2016. Að mati kærunefndarinnar hefur ekki verið annað í ljós leitt, en að sá galli, eða bilun sem hér um ræðir, verði rakin til skemmda sem urðu á símanum, á meðan síminn var í umráðum álitsbeiðanda. En nefndin telur vangaveltur álitsbeiðanda um að síminn hafi skemmst í meðförum verkstæða á vegum seljanda ekki líklegar, enda eru þær vangaveltur órökstuddar.

Verður því ekki annað séð en að umræddur galli sé sök álitsbeiðanda eða stafi af aðstæðum sem hana varði í skilningi áður nefndrar 1. mgr. 26. gr. laganna. Þegar af þeim sökum verður að hafna kröfum álitsbeiðanda.

**VII**  
**Álitsorð**

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson